

**Ed.**

**276. Frumvarp til laga**

[51. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Í stað I. 3 komi:

*Kirkjubær.* Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiriksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknir.

Prestssetur: Kirkjubær.

Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.

b. Í stað I. 4 komi:

*Eiðar.* Eiða- og Hjaltastaðarsóknir.

Prestssetur: Eiðar.

c. Við XVII. 89 bætist:

Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.